

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
undirritun samstarfssamnings um undirbúning og þróun
“Snjallræðis”, fyrsta íslenska samfélagshraðalsins. Haldið í Höfða,
föstudaginn 27. apríl 2018 kl. 14.00.**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, borgarstjóri, samstarfsaðilar,
góðir gestir.

Eins og ráðherra kom inn á í ávarpi sínu fylgja miklar áskoranir örum
tækninýjungum og munu þær setja svip sinn á íslenskt samfélag í
nánustu framtíð. Það skiptir sköpum að samfélagið verði vel í stakk
búið til þess að takast á við þær áskoranir og þar gegnir
háskólasamfélagið afar mikilvægu hlutverki. Fyrirsjáanlegar
breytingar á íslenskum vinnumarkaði með tilkomu gervigreindar kalla
á auknar rannsóknir á áhrifum hennar og upplýsta umræðu um
samfélagslega nýsköpun. Það er því mikilvægt að leiða saman ólík
fræðasvið til þess að skapa grundvöll fyrir nýsköpun og umhverfi sem
styður við skapandi lausnir samfélaginu til heilla.

Þátttaka í viðskiptahraðlinum verður opin öllum en rík áhersla verður
lögð á þátttöku háskólanema á öllum námsstigum og að hvetja þá til
að hugsa út fyrir kassann, skapa sín eigin atvinnutækifæri og finna
frjóar leiðir til þess að takast á við þær áskoranir sem blasa við í
íslensku samfélagi og alþjóðlegu samhengi. Markmiðið með
verkefninu felst því ekki síður í því að leiða saman nemendur á ólíkum
sviðum, í tækni- og verkfræðigreinum annars vegar og listum, hug-,

félags-, heilbrigðis- og menntavísindum hins vegar og skapa þannig góð skilyrði fyrir þróun nýrra verkefna og nýsköpun í þágu samfélagsins.

Markmið og tilgangur Höfða friðarseturs kristallast að miklu leyti í samfélagshraðlinum Snjallræði. Nú er að sjá hvort samfélagið allt muni ekki bregðast vel við þessari áskorun og taka þátt okkur öllum til heilla.

Og þá hygg ég að það sé kominn tími til að skrifa undir samstarfssamninginn.

Takk fyrir.